

68. stjórnarfundur Bekkingarsetursins Nýheima

20. 4. 2016, kl. 8:15

Fundargerð

Fundarstjórn: Olga Ingólfssdóttir

Ritari: Helga Árnadóttir

Mættir: Olga Ingólfssdóttir, Helga Árnadóttir, Kristín Hermannsdóttir, Þorvarður Árnason, Bryndís Björk Hólmarsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Davíð Arnar Stefánsson, Ragnhildur Jónsdóttir, Katrín Jónsdóttir og Hrafnkell Guðnason á Skype.

Efni:

- 1. Fyrirkomulag fundarhalda í Nýheimum. Tillögur að fundarröð í Bekkingarsetrinu Nýheimum annars vegar, og Nýheimapingi hins vegar – Davíð og Eyjólfur**
Framhald af umræðu frá síðasta fundi. Þar var lagt til að breyta fyrirkomulagi funda þannig að einu sinni í mánuði yrðu stjórnarfundir og á móti yrðu húsfundir fyrir alla sem eru í Nýheimum. Eyjólfur leggur til að tímasetning húsfunda myndi taka mið af stundarskrá framhaldsskólans, og því haldnir á bilinu kl. 15-17. Eyjólfur kemur með tillögu að dagsetningum á sex húsfundum fyrir næsta skólaár: 6. sept, 19. okt, 24. nóv, 17. jan, 15. mars og 27. apríl. Fundarmenn mjög sáttir við þessa hugmynd um húsfundi og samþykkja tillöguna. Katrín og Hrafnkell náðu ekki að vera undir þessum lið sökum tækniörðugleika.
- 2. Rannsóknardagur Nþ 4 maí, tillögur að dagskrá – Davíð**
Rannsóknardagur Nýheima verður haldinn 4. maí, kl. 16-18. Fjögur erindi komin á blað; frá Náttúrustofu Suð-Austurlands, Rannsóknarsetri, Bekkingarsetri og Framhaldsskólanum. Davíð óskar eftir útdráttum frá stofnunum. Áætla má 20 mínútur á hvert erindi og gera ráð fyrir góðum umræðum á milli. Umræða um að fá fleiri til að halda erindi, það eru mörg fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar, sem stunda rannsóknir í samfélaginu. Sökum tímaskorts næst ekki að fara í það fyrir þetta þing. Tillaga um að taka upp ráðstefnuna og til framtíðar þarf að huga að því að geta „streymt“ málþingum o.fl.
- 3. Ábyrgð og þagmælska í Nýheimum – Davíð**
Davíð minnir á að fólk haldi trúnað gagnvart þeim sem njóta ráðgjafar og annarrar þjónustu Nýheima.



Önnur mál:

- Davíð segir frá heimsókn Þekkingarsetursins til Skinneyjar-Þinganes sem fyrirhuguð er 2. eða 3.mái.
- Davíð minnir á að 28. apríl mun Hugrún Harpa kynna meistarverkefni sitt í Nýheimum, kl. 20.00
- Kristín segir frá ársfundi Náttúrustofu Suð-Austurlands, sem verður haldinn 28. apríl, frá kl 15-17, í Nýheimum. Tvö fræðsluerindi verða í upphafi fundar.
- Þorvarður segir frá því að um helgina verður auglýst staða ferðamálafræðings við Rannsóknasetrið.
- Þorvarður tekur upp umræðu um GIS gagnagrunn.
- Eyjólfur ræddi um skjá-auglýsingakerfi í Nýheimum.
- Ragnhildur ræddi um umhverfisdag Nýheima og flokkunarmál í húsinu.

Fundi slitið 9.15.

OF